

# Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Febrúar 2012 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

## Vettvangur innbrota árið 2011


Á mynd 1 má sjá hvernig vettvangur innbrota skiptist árið 2011. Þar má meðal annars sjá að flest innbrot voru í fyrirtæki, stofnanir og verslanir eða 32%. Næstflest voru á heimili/einkalóð eða 31%. Fæst innbrot áttu sér stað á akbraut/bifreiðastæði eða 16%. Undir „Annað“ falla til dæmis innbrot sem áttu sér stað í skipum/bátum, heshúsum, tjaldsvæðum og fleira. Tölur fyrir árið 2011 eru bráðabirgðatölur og teknar úr lögreglakerfinu.



Mynd 1. Vettvangur innbrota árið 2011.

## Þróun það sem af er árinu 2012

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota árin 2010, 2011 og 2012. Skráð hegningarlagabrot í febrúar 2012 voru 711. Samanburður á fjölda brota í febrúar 2012 við sama mánuð árið 2011 sýnir að þeim hefur fækkað um 23%. Alls voru 1.759 hegningarlagabrot skráð fyrstu tvo mánuði ársins. Að meðaltali hafa þau verið um 29 brot á dag það sem af er árinu 2012. Tölur um fjölda hegningarlagabrota árið 2012 og 2011 eru bráðabirgðatölur.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2010, 2011 og 2012, greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar- febrúar 2010, 2011 og 2012.

|                            | Jan.-Feb.'10 | Jan.-Feb. '11 | Jan.-Feb.'12 |
|----------------------------|--------------|---------------|--------------|
| Hraðakstursbrot            | 5.315        | 2.809         | 3.964        |
| Þjófnaðarbrot              | 698          | 533           | 545          |
| Eignaspjöll                | 450          | 373           | 367          |
| Innbrot                    | 482          | 269           | 290          |
| Ölvun við akstur           | 198          | 174           | 199          |
| Fíkniefnabrot              | 205          | 228           | 355          |
| Líkamsárás (217.-218. gr.) | 193          | 150           | 184          |

Þegar bornir eru saman fyrstu tveir mánuðir árána 2011 og 2012 má sjá að fjölgun hefur orðið í öllum helstu brotaflokkum að undanskildum brotum er falla undir eignaspjöll en þeim fækkaði lítilega eða um tæp 2%. Mest fjölgaði fíkniefnabrotum eða um tæp 56% og hraðakstursbrotum um 41%. Í töflu 1 má sjá að fækkun er í flestum brotaflokkum milli árána 2010 og 2012 nema fíkniefnabrotum og brotum í flokknum „ölvun við akstur“. Samanburður milli ára miðast við sama tímabil, þ.e. frá janúar til febrúar.